

**verkfæri handa yfirsetukonu.** — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 10. apríl p. á., hafið þjer sent hingað tilmæli hjeraðslæknisins í 11. læknishjeraði, um að yfirsetu- 74  
konunni í 12. yfirsetukvennahjeraði þingeyjarsýslu verði lögð ný yfirsetuverkfæri, af því 31. maí.  
að hún hafi misst verkfæri sín í á eina, sem hún þurfti yfir að fara til að vitja sjúklings,  
og hafið þjer lagt það til, að yður yrði veitt heimild til að afhenda henni ein verkfæri  
af þeim, sem þjer hafið uudir hendi.

Útaf þessu skal jeg gefa yður til vitundar, að af því að í yfirsetukvennalögum,  
17. des. 1875 4. gr., er eigi heimild til að kosta nema einu sinni verkfæri handa yfir-  
setukonum úr landssjóði, sje jeg mjer ekki fært að verða við ofangreindum tilmælum  
hjeraðslæknisins.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skaðabótarkröfu** 75  
**Thomsens kaupmanns útaf 2. gr. viðaukalaga 11. maí 1876.** — Í brjefi, sem hjer með 6. júní.  
fylgir eptirrit af, hefur H. Th. A. Thomsen kaupmaður farið þess á leit, að honum verði  
af landssjóði nægilega bættur skaði sá, er hann verður fyrir við það, að hæstirjettur  
hefur í dómi 8. f. m., sem eptirrit einnig fylgir eptir, álitid að bann það, sem 2. gr. laga  
11. maí 1876 inniheldur gegn því, að veitt sje í ám með þvergirðingum, verði heimfært  
upp á laxveiðar hans í Elliðaánum.

Í tilefni af þessu skal þjónustusamlega skorað á yður, herra landshöfðingi, að gefa  
beiðandanum til vitundar, að ráðgjafinn getur eigi sjed, að hann eigi heimting á nokkr-  
um skaðabótum af landssjóði fyrir það, þó hæstirjettur hafi álitid nefnt bann vera friðun-  
arákvörðun, sem ætti við laxveiðarnar í Elliðaánum, og þess vegna dæmt svo, að hann  
hefði eigi rjett til að viðhafa þá sjerstöku veiðiaðferð, þvergirðingar, sem hingað til hefur  
verið höfð við veiðarnar í nefndri á, allrasízt þegar þess er einnig gætt, að í afsals-  
brjefinu 11. des. 1853 er beinlínis sagt, að stunda megi veiðarnar «samkvæmt tilskip-  
unum þeim er á Íslandi sjeu út komnar eða út muni verða gefnar um veiðarnar», og  
engu fremur getur, að álitid ráðgjafans, orðid spurning um, að byggt verði eins og hjer  
stendur á, nokkur skaðabótakrafa til landssjóds á 50. grein stjórnarskrárinnar, en því  
hefur beiðandi viljað halda fram.

**Brjef innauríkisstjórnarinnar til landshöfðingja um greiðari afhendingu á** 76  
**böggulsendingum frá Íslandi í Kaupmannahöfn.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. 15. júní.  
janúar p. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi það, er hjer með endur-  
sendist, og þarsem nokkirir embættismenn í Reykjavík og alþingismaður, dr. phil., Gr.  
Thomsen æskja þess, að böggulsendingar þær, er hingað koma frá Íslandi með póstgufu-  
skipunum, verði afhentar viðtakendum, án þess að þær fyrst verði rannsakaðar af toll-  
stjórninni.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjá líða að gefa yður til vitundar, eptir að  
málið hefur verið borið undir aðalstjórn skattamálanna, að ráðstöfun mun gjörð til þess,  
að hinar umræddu póstsendingar verði þegar í stað rannsakaðar á tollbúðinni af toll-  
stjórninni eptir beiðni póststjórnarinnar, og að bögglar þeir, sem eptir rannsókn þessa  
verða taldir til þeirra tveggja flokka, sem bráðum verða nefndir, þegar í stað munu verða  
afhentar póststjórninni til fullkominna umráða og frekari afhendingar til viðtakenda. Til  
þessara tveggja flokka teljast:

1, bögglar þeir, sem sendandi hefur vottað um, annaðhvort á tilvísunarbrjefinu

**76** eða í því, að þeir sjeu sendir frá Færeyjum eða Íslandi, eða sem bera það með sjer, að 15. júní álitu tollstjórnarinnar, að þeir sjeu frá þessum stöðum, þó að vottorð vanti um það.

2, böggjar þeir, sem sendandi hefur annaðhvort á tilvísunarbrjefi þeirra eða í því vottað, eða lýst yfir því upp á æru og samvizku, að sendingin sje að eins send hingað til viðgerðar, og verði síðan endursend.

Allar aðrar böggulsendingar mun póststjórnin á venjulegan hátt láta af hendi til móttöku á tollbúðinni, til þess þær verði afgreiddar þaðan, í sumum tilfellum á sama hátt og 10 punda póstsendingar, þegar nefnilega sendandi eða viðtakandi hefur beinlínis æskt afgreiðslu á þann hátt.

Með þessari ráðstöfun mun að nokkru verða ráðin bót á annmörkum þeim, er kvartað hefur verið yfir, en að álitu aðalstjórnar skattamála er eigi tiltækilegt að afhenda viðtakanda skilmálalaust og án fyrirfarandi tollskoðunar póstsendingar frá Íslandi og Færeyjum, sökum þess hvað hægt er um vöruflutninga til Íslands frá útlöndum og frá vörusöfnum þeim, sem hjer eru af ótolluðum vörum (Transitoplag, Kreditoplag og Frilagere).

**77** Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um lán til að endurbyggja 15. júní Háfskirkju. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 13. marzm. þ. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, sent mjer, með meðmælum yðar, bónarbrjef frá fjárhaldsmanni Háfskirkju í Rangárvallasýslu, Þórði Guðmundssyni, þar sem þess er farið á leit, að veitt verði lán úr landssjóði, að upphæð 1000 kr., til að endurbyggja nefnda kirkju, og fylgdi bónarbrjefi þessu álit hlutadeigandi prófasts.

Útaf þessu læt jeg ekki hjá líða hjer með þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, yður til þóknanlegrar athugunar, og til frekari auglýsingar, að jeg veiti Háfskirkjueigendum 1000 kr. lán úr viðlagasjóði til að endurbyggja nefnda kirkju, með þeim skilyrðum, að sett verði nægilegt fasteignarveð fyrir láninu, að af því verði greiddir venjulegir vextir, og að það verði endurborgað á 10\* árum með 100 kr. á ári.

Jeg skal biðja yður vekja athygli hlutadeiganda á því, að nauðsynlegt sje, að fasteign sú, sem sett verður að veði, verði löglega virt, að vottorð sýslumannsins sje framlagt fyrir því, að hún sje lögleg eign þeirra, sem veðsetja hana eða veita umboð til veðsetningarinnar, og að hún ekki sje háð neinum veðböndum.

**78** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um 20. júní nokkrar nýjar ákvarðanir í byggingarbrjefum þjóðjarða. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 15. jan. þ. á., skipa jeg hjer með svo fyrir, að við byggingu eptirleidis á þjóðjörðum þeim í norður- og austuramtinu, þarsem búast má við, að landshlutur kunni að falla af síldarveiði, skulu landssjóði eptirleidis áskildir í byggingarbrjefunum  $\frac{3}{4}$  af hlut þessum, en ábúandi halda  $\frac{1}{4}$ .

Jafnframt fellst jeg hjer með á ráðstafanir þær, er þjer í ofanefndu brjefi yðar skýrið mjer frá, að þjer hafið gjört, viðvíkjandi byggingar og útmælingarbeiðni nokkurra Norðmanna á þjóðjörðum, og veiti samþykki mitt til þess, að þjer haldið hinu sama fram eptirleidis, en verð þó að álíta rjettara, að hinu opinbera sje í byggingarbrjefum þeim, sem hjer eptir verða útgefin, áskilinn rjettur til að láta útmæla lóðir þær, sem þar er rætt um, að leiguliða fornsþurðum, en þannig, að hann fái sanngjarnan hlut af árgjaldinu eptir lóðina, og að útmælingin komi ekki í bága við veruleg afnot jarðarinnar eða spilli að nokkrum mun þeim gæðum og gögnum, sem henni fylgja.

\*) Með brjefi landshöfðingja 19. júlí var borgunarfresturinn lengdur til 20 ára.